


Re: Lýsing vegna nýs deiliskipulags við Snókalönd við Bláfjallaveg

Búið til	27.6.2022 16:42:36
Höfundur	Snorri Sigurðsson
Sent	27.6.2022 16:42:35
Tilheyrir	 202206-0024 - Lýsing vegna nýs deiliskipulags við Snókalönd við Bláfjallaveg

Efni

Re: Lýsing vegna nýs deiliskipulags við Snókalönd við Bláfjallaveg

Upplýsingar

Vinnsla

Sent	27.6.2022 16:42:35	Staða	Innflutt
Eigandi		Tímamörk	
Skjalalykill	42-0 Umsagnir almennt		
Lykilorð			

Þátttakendur

Frá	Snorri Sigurðsson - NI (Snorri.Sigurdsson@ni.is)
Til	berglingd@hafnarfjordur.is, skipulag@hafnarfjordur.is
Cc	eydis.l.finnbogadottir@ni.is

Innihald

Góðan dag,

Tilvísun í mál nr. 202206-0024 (SS).

Vísað er til tölvupósts frá umhverfis- og skipulagssviði Hafnafjarðarbæjar, dags. 20. júní 2022, þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um skipulagslýsingu vegna uppbyggingu ferðamannastaðar við Snókalönd í Óbrinnishólhrauni.

Þótt svæðið sé raskað er það í nágrenni hraunflæmis sem enn er að stórum hluta óraskað þó efnisnám og vegagerð hafi valdið nokkru raski. Hraunið fellur undir sérstaka verndun skv. 61. grein laga um náttúruvernd nr. 60/2013. Það er því mikilvægt að mati Náttúrufræðistofnunar að uppbygging innviða á svæðinu leiði ekki til aukinnar hættu á að frekara rask verði á hrauninu. Innan skipulagssvæðisins ætti að leggja mat á hversu heillegt hraunið er innan þess, hlífa óröskuðum hluta þess eins og hægt er en beina uppbyggingu innviða að röskuðum svæðum.

Ekki kemur skýrt fram hvernig aðstöðu stefnt er að því að byggja. Náttúrufræðistofnun áskilur sé því rétt á frekari athugasemdum þegar útfærsla liggur fyrir í tillögu að deiliskipulagi.

Virðingarfyllst,

Snorri Sigurðsson

Sviðsstjóri náttúruverndarsviðs / Head of Division, Nature Protection

.....
Náttúrufræðistofnun Íslands / Icelandic Institute of Natural History

Urriðaholtsstræti 6-8, 220 Garðabær.

Sími/Tel: (354) 5 900 500. www.ni.is (<http://www.ni.is/>)



NÁTTÚRUFRAÐISTOFNUN ÍSLANDS

From: "Berglind Guðmundsdóttir" <bergling@hafnarfjordur.is>

To: "Móttaka - NI" <Mottaka@ni.is>

CC:

Subject: Lýsing vegna nýs deiliskipulags við Snókalönd við Bláfjallaveg

Date: 20.6.2022 14:41:59

Meðfylgjandi er skipulagslýsing vegna Snókalanda. Óskað er eftir umsögnum í samræmi við skipulagslög. Erindið er einungis sent í tölvupósti, ef óskað er eftir að erindið sé sent með pósti, þá vinsamlegast látið vita.

Kv.

Berglind Guðmundsdóttir

landslagsarkitekt

Umhverfis- og skipulagssvið

Norðurhella 2

www.hafnarfjordur.is
(<http://www.hafnarfjordur.is/>)

bergling@hafnarfjordur.is
(<mailto:bergling@hafnarfjordur.is>)

585 5500/ 664 5619

Viðhengi

image001.png (5 KB)

